# SAMSPILSLEIÐBEININGAR

## 1.1-A Maja átti lítið lamb

Samspil 1.1-A er skipt niður í fimm myndbönd. Tvö af þessum fimm eru samspil í fullri lengd með öllum röddum og eini munurinn á milli þeirra er hvort nóturnar sem tilheyra röddunum hljómi í undirspilinu eða ekki.

Hin þrjú myndböndin eru stuttar raddæfingar, s.s. eitt myndband á hverja rödd. Þannig er hægt að æfa stuttlega hverja rödd fyrir sig áður en lagt er í allt samspilið.

Í þessu samspili eru nóturnar táknaðar sem kúlur á línu. Lengst til hægri tilgreinum við hvar línan er staðsett, í þessu tilfelli táknar hún G. Á þessum stað í efninu er ekki ætlast til þess að nemendur kunni nótnanöfnin og eru því þessar upplýsingar meira fyrir kennara.

**ALLAR RADDIR** — Raddir með í undirspili

**ALLAR RADDIR** — Undirspil án radda

**RÖDD #1** — A og G

**RÖDD #2** — F og G

**RÖDD #3** — A, G, F og C

## HLJÓÐFÆRALYKLAR




**Ath:** Hér er nótunum raðað eftir tónhæð. Þetta C er fyrir ofan A-ið sem kemur á undan.




**Ath:** Þríhyrningurinn táknar strenginn sem er spilaður og hringurinn staðsetningu fingurs.






# Maja átti lítið lamb

Form: A - B - C - B - C - C - C

Lowell Mason

